Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

5 694110 023513

Fimmtudagur
9. september 2010
36. tbl. · 27. árg.



Óli Kitt í Bolungarvík á léttari nótunum

– lítur yfir genginn veg og rifjar upp gamansögur af samferðamönnum. Sjá miðopnu.

Albertína nýr formaður FV

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ, var kjörin formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga á 55. fjórðungsþingi Vestfirðinga sem haldið var á Hólmavík um helgina. „Ég hlakka mikið til að vinna með sveitarstjórnarmönnum á Vestfjörðum. Það eru mörg tækifæri framundan og þetta er ótrúlega spennandi vettvangur sem tvímælalaust má efla þótt Fjórðungssambandið hafi staðið fyrir góðu starfi undanfarin ár,“ segir hinn nýi formaður.

„Þetta er spennandi starf og ég mun leggja mig alla fram að starfa vel að hagsmunum Vestfirðinga,“ bætir Albertína við. Aðrir í stjórn eru Friðbjörg Matthíasdóttir í Vesturbyggð, Jón Jónsson í Strandabyggð, Ómar Már Jónsson í Súðavíkurhreppi og Sigurður Pétursson í Ísafjarðarbæ. Fráfarandi formaður sambandsins er Anna Guðrún Edvardsdóttir bæjarfulltrúi í Bolungarvík en hún hefur óskað eftir ársleyfi frá þeim störfum vegna náms.

– thelma@bb.is

Fjörutíu ára fermingarsystkini

Árgangur 1956 frá Ísafirði hélt helgina hátíðlega og fagnaði því að 40 ár eru liðin frá fermingu þeirra. Ákveðið var að hafa nálgunina eða þemað „að gæla við minningarnar“ eins og Sigurþór Hallbjörnsson, eða Spessi ljósmyndari, orðaði það. Hugmyndin var að hópurinn myndi fara 40 ár aftur í tímann. „Upp kom hugmynd að rölta um bæinn og fá leiðsögumann en þá yrðum við eins og túristar,“ sagði Spessi. Árgangurinn ákvað því að hittast í Tjöruhúsinu á föstudeginum til þess að koma sér saman og rifja upp gamlar minningar. Síðan hittust þau aftur daginn eftir við gamla sjúkrahúsið, gengu um bæinn að öllum húsum sem þátttakendur höfðu búið í og skoðuðu nágrennið og leiksvæði allra sem voru í hópnum. „Síðan var farið í Gamla bakaríið og fengið sér kókoslengju, Napóleonsköku og kringlu,“ sagði Spessi. Hópurinn kom síðan við í gamla barna- og gagnfræðaskólann til þess að sjá hvað hafi breyst í gegnum tíðina.

Árgangur 1956 fagnaði 40 ára fermingarafmæli um helgina.

„Til að kóróna þetta allt, þá settum við saman hljómsveit sem spilaði á skólaballi í gagnfræðaskólanum í gamla daga,“ segir Spessi og á þar við hljómsveitina Trap sem hélt dansleik fyrir árganginn. Kristján Hermannsson átti öll lögin, sem spiluð voru á þessum árum, skrifuð niður á blað sem gerði hljómsveitinni kleift að rifja upp gamla prógramið fyrir árganginn. Ballið var haldið í Krúsinni á Ísafirði og mættu yngri og eldri árgangar einnig.

Að sögn Spessa var þátttakan í kringum 50-60% eða um 27 einstaklingar og ein þeirra lagði á sig að koma alla leið frá Danmörku. „Hápunkturinn í ferðinni var gangan um bæinn,“ sagði ljósmyndarinn Spessi og bætti við að ef einhver hefði verið ósáttur í gamla daga, þá væri það læknað í dag.

– asgeir@bb.is

Samkaup úrval góðir grannar

...sjá fleiri tilboð og uppskriftir á **samkaupurval.is**

Sparnaðartilboð helgarinnar **9. - 12. september**

Rauð **paprika á 50% afslætti!**

Vissir þú?

Að rauðar paprikur eru sérlega næringarríkt grænmeti. Ríkar af B-, C-, og A-vítamíni, trefjum og steinefnum.
Rauðar paprikur innihalda þrisvar sinnum meira C-vítamín en appelsínur.

~~378~~

189 kr./kg

30% afsláttur

~~398~~

279 kr./kg

Lambahjörtu eða lifur
fersk

30% afsláttur

~~494~~

348 kr./kg

Tex Mex kjúklingavængir
frá Ísfugli

40% afsláttur

~~798~~

479 kr./kg

Úrvals svínarif
úr kjötborði eða pökkuð fersk

30% afsláttur

Álegg frá Kjötseli
brauðskinka, léttreykt brauðskinka , hangikjöt, malakoff og pepperoni

42% afsláttur

~~1.698~~

989 kr./kg

Úrvals svínahnakki
úr kjötborði eða pakkaður ferskur

329 kr./stk.
Peru- eða eplacider 1,5l

319 kr./stk.
Grænmetissafi 1l

389 kr./pk.
Kakó 250g

Coop – gæði og gott verð

~~2.998~~

2.249 kr./kg

Úrvals lambainnralæri
úr kjötborði eða pökkuð fersk

399 kr./pk.

299 kr./pk.

399 kr./pk.

Jarðarber 500g Grænmetisblöndur: Amerísk 650g, austurlensk 600g

fryst fersk hollusta frá Coop

P & Ó Birt með fyrirvara um prentvillur.

...einstök þjónusta **í góðum verslunum**

á Akureyri, Blönduósi, Bolungarvík, Borgarnesi, Dalvík, Egilsstöðum, Grundarfirði, Hafnarfirði, Húsavík, Ísafirði, Neskaupstað, Ólafsfirði, Selfossi, Siglufirði og Skagaströnd

Líf Ísfirðings í Flórens

Nína Guðrún Geirsdóttir hélt til Ítalíu í byrjun árs til að vinna sem au-pair, en það felst í því að búa hjá fjölskyldu og passa börn. Nína Guðrún bjó í miðborg Flórens í Ítalíu hjá fjölskyldu og vann þar við að passa eina fimm ára stúlku. Á meðan var hún í ítölskuskóla auk þess sem að hún kláraði stúdentspróf frá Menntaskólanum á Ísafirði í gegnum fjarnám. Að fara sem au-pair til framandi landa hefur aukist meðal ungs fólks og Bæjarins besta tók Nínu Guðrúnu tali og forvitnaðist um dvölina.

„Ég var þarna í hálft ár. Ég bjó í miðborg Flórens en borgin er alveg inni í miðju landinu. Það getur orðið rosalega heitt þarna á sumrin en borgin er einmitt niðri í dal þar sem myndast mikill raki. Í júlí og ágúst fækkar mjög fólki í borginni því það fer á ströndina að flýja hitann. Ég vann við að passa eina stelpu og bjó inni á lítilli fjölskyldu í pínulítilli íbúð. Ég bjó reyndar í herbergi með stelpunni, sem var stundum ævintýralegt. En ég var svo vel staðsett og gat labbað allt og var mjög heppin, því ég átti vinkonur sem þurftu að ferðast lengi til að komast í miðbæinn.“

– Hvers vegna ákvaðst þú að fara út sem au-pair?

„Ég var að klára menntaskólann og mig langaði að gera eitthvað nýtt og prófa að búa annars staðar og au-pair er fín leið til þess. Ég var í fjarnámi við Menntaskólann á Ísafirði á meðan og kom síðan heim í þrjá daga til að útskrifast. Það er vissulega munur á Ítalíu og Íslandi og fannst mér mjög gaman að ræða það við Ítali, var oft að monta mig af hreina vatninu okkar og loftinu. Þeir höfðu stundum áhyggjur af því að ég myndi ekki þola hitann sem kom í vor en það var aldrei neitt vesen. Það var t.d. kaldasti vetur í Flórens einmitt þegar ég kom þangað. Það snjóaði í fyrsta sinn í tugi ára en Ítalir eru ekki mikið fyrir að hita upp húsin sín þar sem það kostar mikið. Það komu því tímar þar sem maður svaf í tveimur peysum með teppi og sæng um vetur í Ítalíu á meðan að það var betra veður heima á Íslandi.“

Flórens að sumri.

– Er mikill munur á menningunni frá því sem við þekkjum hér?

„Já, það er mikill munur á hvernig þeir lifa og hugsa. Ítalir eru margir afslappaðir og hafa litlar áhyggjur af hlutunum, þeir reddast bara. Þeir eru opnir og vingjarnlegir og hjálpast mikið að þó þeir þekkist ekki endilega mikið. Þeir vinna miklu minna en Íslendingar og setja alltaf fjölskylduna í forgang. Báðir foreldrarnir koma oftast að sækja börnin á leikskólann og stundum ömmur, afar og frændur. Ítalar eignast börn seint og algengast er að eiga bara eitt til tvö börn. Ítalar kunna vel að njóta lífsins og vín og matur eru alltaf ofarlega

Ekta ítalskt sjávarþorp heimsótt.

í hugum þeirra, alveg eins og maður hafði ímyndað sér Ítali.“

– Og hver er að öðru leyti helsti munurinn?

„Það er miklu meiri hraði á öllu á Íslandi á meðan Ítalir taka lífinu rólega og lifa kannski meira í núinu. Það er reyndar oft sagt á Ítalíu að íbúar Flórens séu snobbaðir miðað við aðra Ítali. Þeir eiga líka vera góðir með sig og eru sagðir meira lokaðir en aðrir Ítalir. Ég tók samt ekki eftir því og átti góð samskipti við alla þarna. Ég myndi segja að þeir væru meira stoltir en snobbaðir enda er Flórens mikil lista- og menningarborg. Hún er bara eins og safn, öll húsin eru gömul og falleg. Ítalir hafa samt margar skrýtnar venjur, eða öðruvísi en við eigum að venjast, eins og að borða kvöldmat klukkan níu. Á páskunum fór ég í sveitina með fjölskyldunni minni og þá borðuðum við kvöldmat klukkan tíu eða hálf ellefu og það var alltaf farið beint að sofa eftir matinn, á páskadegi! Að elda er fyrir þeim ekki bara að elda. Það er athöfn þar sem allir drekka vín og spjalla. Sérstaklega um helgar og þá einna helst á sunnudögum þegar fólk borðar allan daginn.“

– Lærðir þú ítölsku úti?

„Já, ég fór í ítölskuskóla og fékk þar góðan grunn. Síðan talaði konan sem ég bjó hjá bara ítölsku við mig og stelpan sem ég var að passa líka. Það var mjög fínt þar sem hún talar mjög skýra og góða ítölsku miðað við hún sé bara fimm ára. Það hjálpaði mikið en hún gerði líka mikið grín að mér fyrst, en svo á endanum var ég eiginlega komin með þetta.“

– Ferðaðist þú eitthvað meira um Ítalíu?

„Já, ég reyndi að ferðast eitthvað um á hverri helgi þegar ég var laus. Ég ferðaðist m.a. um Toscana og til flestra borganna í kringum Flórens. Svo heimsótti ég þessar helstu borgir, Mílanó, Bologna og Verona, en fór reyndar aldrei til Rómar af því það er mælt með því að taka nokkra daga þar og ég hafði ekki tíma. Ég átti stóran þýskan vinkvennahóp sem voru líka au-pair og við gerðum ýmislegt saman eins og að ferðast.“

– Hver er eftirminnilegasti viðkomustaðurinn?

„Mér fannst mikil upplifun að koma til Mílanó því hún er svo mikið öðruvísi en allir aðrir staðir á Ítalíu. Hún er náttúrlega stórborg og þar er hugsunarhátturinn líka öðruvísi og allir á hraðferð. Þar var líka svo mikið pláss miðað við Flórens. Í Flórens eru göturnar allar ótrúlega þröngar og maður fékk smá innilokunarkennd í byrjun.“

– Var þetta því svipað og að búa í ítalskri bíómynd?

„Já, það má segja það. Í gegnum Flórens rennur stór á og átti ég heima öðru megin

Verðlaunahafar í þríþrautinni. Myndir: Benedikt Hermannsson.

Stefán og Helga sigruðu í þríþrautinni

Stefán Viðar Sigtryggsson og Helga Árnadóttir sigruðu í heildarkeppninni á þríþrautarmóti Vasa2000 og heilsubæjarins Bolungarvíkur sem fór fram á laugardag. Þau kepptu bæði fyrir Tri-North. Þríþrautin fólst í því syntir voru 700 metrar í sundlaug Bolungarvíkur, síðan hjólaðir 17 km til Ísafjarðar og þar hlaupið 7 km. Mótið þótti heppnast vel en það fór fram í sól og blíðu og var yfir 20 stiga hiti þegar hlaupakeppnin átti sér stað.

Í sveitakeppninni fóru Víkararnir með sigur af hólmi en sveitin var skipuð Benedikt Sigurðssyni, Bjarka Friðbergssyni og Þóri Sigurhanssyni. Í flokki kvenna 16-39 ára sigraði Helga Árnadóttir en Brynjar Leó Kristinsson hjá AK crew í sama aldursflokki hjá körlum. Í flokki kvenna 40-39 ára var Ásdís Kristinsdóttir hjá Þrír/ÍR hlutskörpust og Stefán Viðar Sigtryggsson í flokki karla. Í flokki karla 50 ára og eldri sigraði Kristbjörn R. Sigurjónsson hjá Þrír Vest.

Þríþrautarmótið hefur verið haldið árlega frá árinu 2002 og hefur þátttakendum þeirra fjölgað með hverju árinu. Rúmlega 30 tóku þátt í ár. – *thelma@bb.is*



Stefán Viðar Sigtryggsson og Helga Árnadóttir sigruðu í heildarkeppninni.

Nína Guðrún með Flórens í bakgrunni á köldum degi.

við hana í ekta ítölsku hverfi þar sem búa bara Ítalir og var bara eins og lítið þorp og ég kannaðist við marga. Þar hefur lífið lítið breyst í mörg ár, flestir eiga sinn eigin fisksala á horninu og kaupa grænmeti og ávexti í litlum búðum og brauð í bakaríinu sínu. Hinum megin við ána er aðalferðamannasvæðið og rosalega margir ferðamenn. Það er mjög gaman að fylgjast með Ítölum, þeir eru blóðheitir og láta í sér heyra ef þeir þurfa þess.“

– Og hvað tekur núna við?

„Ég er að fara í Háskóla Íslands núna í haust. Mig langar mjög að fara aftur til Ítalíu og þá í bakpokaferðalag, sjá allt landið og þess háttar.“

– Myndir þú mæla með því að fara sem au-pair?

„Tvímælalaust. Þetta er mjög gaman og ódýr leið til að búa annars staðar og vera í annarri menningu. Sérstaklega ef maður lendir á góðri fjölskyldu.“

Brugðið á leik í Pisa.

Frumsýning á söguslóðum

Kómedíuleikhúsið frumsýnir nýtt leikrit föstudaginn 17. september. Verkið ber heitið Bjarni á Fönix og er byggt á sönnum atburðum úr vestfirskum sögnum. Verður það frumsýnt á söguslóðum í hlöðunni á Alviðru í Dýrafirði. Um er að ræða eins manns verk þar sem Ársæll Níelsson verður á sviði og Elfar Logi Hannesson leikstýrir en þeir skrifuðu báðir handritið. Marsibil Kristjánsdóttir hannaði leikmyndina.

Um er að ræða sögusýningu og næsta sýning fer fram á Talisman á Suðureyri auk þess sem hún verður sýnd á Ísafirði í október. Síðan verður hún sýnd víðar. Verkið fjallar um skipherrann Bjarna Þórlaugarson en ekki var vitað hver faðir hans var. Hann var skipherra á bát sem hét Fönix.

Árgangur 1936 frá Ísafirði hittist um helgina. Hér er hópurinn ásamt mökum á Silfurtorgi.

Árgangur ´36 hittist í blíðskaparveðri

Árgangur 1936 frá Ísafirði hittist á ný um helgina. „Við byrjuðum á því að hittast í Tjöruhúsinu á föstudagskvöld og borðuðum þar saman. Síðan röltum við í Edinborgarhúsið og spjölluðum þar saman langt fram á kvöld. Á laugardag hittumst við aftur og var þá Safnahúsið skoðað hátt og lágt. Veðrið var svo gott að fólk vildi ekki fara í neinar bílaferðir þannig að menn tvístruðust um bæinn og fóru að skoða gömul heimkynni og þær breytingar sem hafa orðið á bænum. Við hittumst síðan í kaffi í Faktorshúsinu í Hæstakaupstað áður en við héldum á Hótel Ísafjörð þar sem við borðuðum saman kvöldverð og sátum fram á miðnætti,“ segir Sigurður Ólafsson sem var einn úr hópnum.

Aðspurður segir hann að þátttakan hefði mátt vera betri. „Við hefðum gjarnan viljað fá fleiri en það er ekki sjálfgefið þegar fólk býr annars staðar. En þetta lánaðist mjög vel og ég held að allir hafi verið ánægðir. Þar spilaði veðrið stórt hlutverk en það var algjör blíða þessa daga, þegar við komum út af hótelinu á miðnætti var hitinn 19 stig.“

F.O.S. Vest.

Hlutastarf

Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum óskar eftir að ráða starfsmann í hlutastarf á skrifstofu félagsins. Launakjör eru skv. kjarasamningi FOS-Vest. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Skriflegar umsóknir sendist til skrifstofu félagsins eigi síðar en 15. september nk., að Aðalstræti 24 á Ísafirði.

Spurningin

Ertu sátt(ur) við hag þinn og þinna nánustu?

Alls svöruðu 379.
Já sögðu 160 eða 42%
Nei sögðu 219 eða 58%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á fimmtudag: Austan 8-13 m/s við suðurströndina og á annesjum norðan til en annars hægari: **Horfur á föstudag:** Norðaustlæg átt og vætu-samt, en skýjað og úr-komulítið á Suður- og Vesturlandi. Hiti 10-15 stig. **Horfur á laugardag:** Breytileg átt og vætusamt. Heldur kólnandi veður. **Horfur á sunnudag:** Breytileg átt og vætusamt. Heldur kólnandi veður.

Ritstjórnargrein

Draumur borgarbarnsins

Þegar deilur um aðildina að EES stóðu sem hæst þóttust margir stjórnmálamenn þess umkomnir að spá fyrir um örlög íslenskra sveita, ef svo ólukkulega vildi til að við gerðumst aðilar að samtökunum. Útlendingar myndu ásælast bújarðir með veiðirétti í laxveiðiám í stórum stíl og aðrar kosta jarðir jafnt sem afdalakot yrðu ekki undanskilin. Landráð og stjórnarskrárbrot voru meðal orða sem féllu í hita leiksins. Ekki eru allir spámenn í sínu föðurlandi. Lítið hefur borið á ásókn útlendinga í íslenska mold. Aftur á móti er því svo farið að býsna margir er áður mögluðu hvað mest vildu nú EES-liljuna kveðið hafa.

Spámennirnir höfðu þó að nokkru leyti rétt fyrir sér, en þeir flöskuðu á þjóðerninu. Á útrásarárunum runnu sveitabýlin út, hvert á fætur öðru, eins og heitar lummur. Gósenjarðir skiptu um eigendur og háar fjárhæðir fengust fyrir afdalakot, sem árum saman höfðu verið baggar arfs á fólki komið á mölina. Mjólkurkvótinn rann til einkahlutafélaga, í eigu íslenskra gróssera, í þúsundum lítra. Sumir töldu þetta býsna vænlegt, nýir straumar með nýju fólki væri það sem sveitirnar þyrftu á að halda. Á annarra augum var þetta afturhvarf til tíma leiguliða í íslenskum landbúnaði.

Stjórnvöld margra landa hafa glímt við að viðhalda byggð í fámennum og afskekktum byggðalögum. Frændur okkar Norðmenn þekkja þetta vel. Í gegnum árin hafa íslensk stjórnvöld hafa gripið til ýmissa ráða, án lausnar svo nokkru nemi. Sitthvað hefur mönnum komið til hugar. Skattaívilun var ein af fyrri tíma hugdettum. (Gott ef Norðmenn hafa ekki gripið til þessa í einhverri mynd.) Ef rétt er munað féll hugmyndin í grýttan jarðveg, var fundið flest til foráttu. Þeir sem vildu búa í dreifbýli yrðu sjálfir að súpa seiðið af því.

Nýverið reit Pétur Blöndal, blaðamaður, grein í Morgunblaðið: ,,Húsin í sveitunum.“ Þar sagði m.a.: Fólkið á malbikinu horfir til sveitarinnar og hver vill ekki hvíla sig frá erli borgarlífsins með því að dvelja vikutíma út á landi með fjölskyldu sinni við vægu verði.“ (Og til að svo megi verða.) ,,Ég velti því fyrir mér, hvort ekki sé sniðugt að stjórnvöld veiti styrki til að gera upp gömlu húsin, sem annars verða veðri og vindum að bráð. Þetta mætti gera með beinum styrkjum eða í gegnum skattkerfið. (Og síðar) Húsin yrðu svo leigð út til fjölskyldna, sem fengju tækifæri til að upplifa tilveruna í sveitinni, smakka afurðir úr héraðinu, fylgjast með bústörfum, umgangast dýrin og blanda geði við fólkið sem plægir akurinn.“

Eflaust hlýnar mörgum dreifbýlingum við tilhugsunina um skattalækkun. Hvort tilgangurinn, sem þarna er lagður til grundvallar, helgar meðalið skal satt best að segja dregið í efa. Borgarbarnið fær fulla samúð yfir í öllu ysinu og þysinu, sem á það er lagt. *– s.h.*

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is.* **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is,* Kristján Einarsson, símar 456 4560 og 848 3403, *kristjan@bb.is.* **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

Lesum SAMAN

Dagana 9. - 21 september. Nýjar barnabækur á tilboði!

1.870 kr.
Verð áður
2.680 kr.

2.080 kr.
Verð áður
2.980 kr.



2.990 kr.
Verð áður
kr. 3.990



2.290 kr.
Verð áður
2.990 kr.

Nú þegar hausta tekur er tilvalið fyrir fjölskylduna að eiga notalegar samverustundir yfir skemmtilegum sögum. Það er gaman að lesa saman!

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Uppstoppaður við hliðin birninum á Náttúrugrip

– spjallað á léttari nótunum við Ólaf Kristjánsson fyrrverandi bæjarstjóra í Bolungarvík

Mörg viðtöl bæði lengri og skemmri hafa verið tekin gegnum árin og áratugina við Ólaf Kristjánsson fyrrverandi bæjarstjóra í Bolungarvík. Þar á meðal hefur undirritaður tekið nokkur, hið fyrsta fyrir nærfellt aldarfjórðungi í íhaldsblaðið Vesturland. Sammerkt með þessum viðtölum flestum er að þar hefur pólitíkin verið í fyrirrúmi enda kannski skiljanlegt á þeim tíma.

Núna er Ólafur sestur í helgan stein fyrir hálfum áratug og því ekki óeðlilegt að slá á léttari strengi og rifja meðal annars upp eftirminnilegar örsögur af samferðamönnunum. Enda hefur Ólafur vissulega jafnan verið þekktur fyrir gamansemi og léttleika dagfarslega. Og burtséð frá pólitíkinni hefur það verið – og er enn – hans líf og yndi að spila létta tónlist með góðum félögum. Hér á eftir segir meðal annars af því.

Nefna má, að Ólafur var löngum í daglegu tali kallaður Óli málari, því að þá iðn lærði hann ungur, og enn fyrr var hann kallaður Óli Böddu og þá kenndur við móður sína eins og altítt var. Á síðari áratugum hefur hann yfirleitt verið kallaður einfaldlega Óli Kitt. Og að sjálfsögðu líka Óli bæjó á sínum tíma.

Ólafur Kristjánsson fæddist á Ísafirði í desember 1935 og er því hátt á 75. aldursári. Hann er alveg hreinræktaður Norður-Ísfirðingur, eins og hann orðar það.

„Móðir mín, Bjarnveig Jakobsdóttir, fæddist á Snæfjallaströndinni. Langafi minn og afi hennar var sá frægi Kolbeinn í Unaðsdal – Kolbeinn í Dal. Jakob faðir mömmu bjó á Skarði á Snæfjallaströnd. Amma mín í móðurlegg var Símonía Sigurðardóttir. Mér þótti svo vænt um hana að ég vildi kvænast henni. Faðir minn, Kristján Friðbjörnsson, fæddist á Steinólfsstöðum í Veiðileysufirði í Jökulfjörðum. Afi minn, Friðbjörn Helgason, missti ömmu mína Ragnheiði við fæðingu fimmta barns þeirra hjóna. Hann varð seinna eigandi að jörðinni Súrtarabúðum í Grunnavík og kvæntist síðar mikilli gæðakonu, Solveigu Pálsdóttur frá Höfða í Grunnavíkursveit. Þau eignuðust 10 syni og eru margir þeirra búsettir í Hnífsdal. Slóðir ætta minna eru í rauninni Snæfjallaströndin og Jökulfirðir.

Kristján pabbi minn lærði málaraiðn hjá Jóni Ólafi heitnum sem var faðir Búbba prentara á Ísafirði. Síðan fór hann í nám á málaraskóla í Kaupmannahöfn og bætti þar við sig tveimur árum. Ég kláraði sveinspróf í málaraiðn árið 1956 og var að mála hjá pabba. Þegar síðan fór að þrengja að árið 1957 og ekki mikið að gera í þessari iðn fyrir vestan, þá fór ég til Reykjavíkur og ætlaði að fara að þéna þar mikla peninga.“

Tónlistarmaður á Vellinum

„Þá gerðist það að sú atvinna brást sem mér hafði verið lofað. Við Lillý mín vorum þá búin að eignast frumburðinn okkar. Ég var búinn að leigja íbúð í eitt ár og hafði greitt fyrirfram húsaleigu til eins árs. Því var ekki mikið um fjármuni til að lifa af svo að ég þurfti að fara að leita að annarri atvinnu. Það endaði með því að ég hringdi í góðan vin minn sem hafði verið á Ísafirði, Erich Hübner, pabba Herdísar Hübner kennara á Ísafirði, og það varð til þess að ég fór að spila á Keflavíkurflugvelli. Það er honum að þakka að ég fór aftur að spila þegar við áttum ekki fyrir mat en ég hafði verið ákveðinn í því að hætta að spila á böllum.

Þarna kynntist ég mönnum sem voru ýmist við nám í Tónlistarskólanum í Reykjavík eða tónlistarkennarar og í Sinfóníunni. Þeir hvöttu mig til að fara í tónmenntakennaradeildina í Reykjavík. Ég gerði það og lauk þaðan prófi 1962. Reyndar bætti ég við mig einu ári í tónfræði og til að kynnast blásturshljóðfærum. Hugur minn stóð nú til þess að búa á litlum stað og þá þurfti maður að þekkja inn á sem flest hljóðfæri eftir því sem kostur var.“

Ólafur verður þó fyrst og fremst að teljast jazzpíanisti.

Hefði verið kallaður Óli kommi

– Hvernig kom það til að þið settust að í Bolungarvík?

„Það er gaman að segja frá því, að áður en við flytjum til Bolungarvíkur hafði Lúðvík Jósepsson alþingismaður á Neskaupstað *[kaupstaðurinn var á sínum tíma kallaður Litla-Moskva vegna þess að þar réðu sósíalistar lögum og lofum um áratugaskeið]* samband við mig og vildi fá mig til að kenna tónlist fyrir austan. Ég hef grínast við vini mína á Austfjörðum að ég hefði eflaust verið kallaður Óli kommi hefði ég farið þangað.

Taugarnar lágu hins vegar vestur og það var fyrir atbeina bæði Jónatans Einarssonar og Benedikts Bjarnasonar sem ég settist að í Víkinni. Við Bolvíkingar stofnuðum síðan saman Tónlistarskólann í Bolungarvík árið 1964 og ég var skólastjóri hans allt til 1987 eða í 25 ár. Þá tók ég við stöðu bæjarstjóra af Guðmundi heitnum Kristjánssyni sem lést um aldur fram, afskaplega góður og mætur maður.“

Margvísleg trúnaðarstörf

– Þrátt fyrir það sem sagt var í upphafi mætti stikla á stóru varðandi trúnaðarstörf þín og þátttöku í samfélagsmálum.

„Fljótlega eftir að ég kom til Bolungarvíkur bað Jónatan mig að fara á framboðslista hjá Sjálfstæðisflokknum við hreppsnefndarkosningar í Hólshreppi. Það var árið 1966. Það var svo merkilegt að þá kom aðeins fram einn listi, þannig að ég fór inn í hreppsnefndina. Síðan var það í apríl 1974 sem Bolungarvík verður kaupstaður og þá breyttist hreppsnefndin náttúrlega í bæjarstjórn. Þá var ég kosinn forseti bæjarstjórnar og gegndi þeirri stöðu allt til 1987 þegar ég tók við sem bæjarstjóri.

Ég hætti sem bæjarstjóri árið 2002 en var þá beðinn að gegna áfram starfi framkvæmdastjóra Heilbrigðisstofnunar Bolungarvíkur, sem hafði fram að því verið á borði bæjarstjórans. Þetta hafði verið einn af fáum stöðum þar sem ekki var sérstakur framkvæmdastjóri. Þessu starfi gegndi ég síðan þar til ég varð sjötugur fyrir fimm árum.

Árið 1974 fór ég í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga og var þar í tíu ár, þar af stjórnarformaðurformaður í tvö ár. Aftur var ég þar í stjórn 2000-2002 og þá einnig stjórnarformaður eða síðustu ár mín í starfi bæjarstjóra.

Eitt af lærdómsríkari og skemmtilegri verkefnum sem ég hef fengist við var þegar ég var settur í Orkunefnd Vestfjarða árið 1975 og í framhaldi af því kosinn í stjórn Orkubús Vestfjarða, en þar var ég formaður í átta ár. Í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga var ég í átta ár, í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga í átta ár en tólf ár í stjórn ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Ennþá er ég í stjórn Brunabótafélags Íslands og hef verið það frá 1995.“

Hjónarúmið hans Einars Guðfinnssonar

– Vitað er að þú kannt ótal léttar sögur af kynnum þínum af samferðamönnum og samskiptum við þá.

„Í gegnum tíðina hef ég kynnst afskaplega mörgu skemmtilegu fólki. Þegar leitað er eftir léttum sögum frá mér er best að byrja á heimaslóðum.

Ég byrja á Einari heitnum Guðfinnssyni hér í Bolungarvík. Við urðum snemma ágætir vinir. Ég var að mála hérna fyrst þegar ég kom og málaði fyrir hann bátana og skipin.

Það var gaman að kynnast þessum manni. Ég komst fljótt að því að Einar var ákaflega raungóður maður. Hann var líka meiri húmoristi en flestir létu sér detta í hug og gat verið gamansamur og hnyttinn í tilsvörum. Hann hafði gaman af því að glettast við menn „milli stríða“ eins og hann orðaði það.

Ég man að ég var að mála fyrir hann nýja húsið þegar hann flutti úr Einarshúsi við Hafnargötu, sem áður var hús Péturs Oddssonar athafnamanns. Einar flutti í nýtt og fallegt hús uppi á Holtastíg. Hann átti gamalt hjónarúm sem honum þótti mjög vænt um.

Geturðu ekki málað rúmið fyrir mig, Ólafur minn, því að ég er nú fremur nýtinn, sagði Einar. Ég spurði á móti hvort hann ætlaði að bjóða henni Elísabetu eiginkonu sinni upp á að vera áfram í þessu gamla og þrönga rúmi. Þá svaraði hann: Heyrðu strákur, ef þú vissir hvað við erum búin að eiga unaðslegar nætur í þessu rúmi, þá myndirðu ekki láta þér detta í hug að segja þetta við mig. Farðu með rúmið upp eftir og málaðu það og við sofum áfram í því meðan ég lifi.“

Ólíkt viðhorf til reikninga

„Einar var nokkuð aðhaldssamur. Hann var lengi formaður sóknarnefndar Hólssóknar í Bolungarvík og var mjög samviskusamur og lagði metnað sinn í að hafa öll fjármál í lagi. Það var alveg til fyrirmyndar og hefði slíkt betur ríkt á Íslandi á síðari árum. Útrásarvíkingarnir svokölluðu fóru öðruvísi með fé heldur en hann.

Eitt sinn kom ég með tvo reikninga til Einars. Annar var upp á tólf þúsund krónur fyrir að mála hurð og glugga í Hólskirkju. Hinn var upp á sex hundruð þúsund krónur fyrir að mála bátana hans. Einar sagði: Heyrðu, ég ætla að borga þér þennan reikning fyrir bátana en hitt þarf ég að athuga betur, ég borga ekki þessar tólf þúsund krónur fyrr en ég er sjálfur búinn að fara og skoða hvernig til hefur tekist varðandi kirkjuna, ég á hana ekki sjálfur. Þetta lýsti Einari vel, því að hann hugsaði vel um allt sem honum var trúað fyrir.

Ef við vorum að mála þök á fasteignum hans og einhver var á leið upp stigann og við sáum á hatt koma á þakbrúnina, þá vissum við að Einar Guðfinnsson var að koma og fylgjast með. Hann var vakinn og sofinn yfir öllu sem var að gerast.“

Þorskhausar á Barðaströnd

„Stundum hef ég sagt sögur af fornvini mínum, Þorvaldi Garðari Kristjánssyni alþingismanni Vestfirðinga og forseta Sameinaðs Alþingis. Ég var á sínum tíma varaþingmaður og fékk eitt sinn að vera hálfan mánuð á þingi

na á hvíta-
asafninu?

fyrir Matthías Bjarnason. Ég var með Þorvaldi á framboðsfundum en Einar Kristinn var með Matthíasi.

Við Þorvaldur vorum eitt sinn á framboðsferð um Barðaströnd og byrjuðum á því að koma við hjá Kristjáni á Breiðalæk. Hann sýndi okkur bæði saumastofu og þorskhausa þurrkunarverksmiðju. Þarna voru nokkrar afskaplega fallegar frúr að vinna, sem við heilsuðum upp á. Ég segi svona þegar við erum að fara: Það verður nú tveimur þorskhausum færra hér þegar við Þorvaldur förum.

Þegar við erum komnir út segir Þorvaldur íhugull á svip eitthvað á þessa leið: Ólafur, ég held að þetta sé nú ekki gott til afspurnar. Núna fer þetta um alla sveit, að meðframbjóðandi minn kalli mig þorskhaus, mig sem er þingmaður Vestfirðinga, forseti sameinaðs þings og handhafi forsetavalds að einum þriðja. Heldurðu að það sé vænlegt til þess að vinna atkvæði ef svona saga fer á kreik? Þorvaldur var afskaplega vandur að virðingu sinni en hafði nú samt gaman af þessum stráksskap mínum.“

Þorvaldur Garðar og baðhurðin

„Mig minnir að Árni Johnsen alþingismaður hafi tekið eina sögu eftir mér. Það var þegar við Þorvaldur Garðar gistum hjá Hilmari Jónssyni, sparisjóðsstjóra á Patreksfirði. Á neðri hæð húss hans voru tvö gestaherbergi og baðherbergi á milli þeirra.

Þorvaldur var mjög árrisull og um klukkan sjö um morguninn heyri ég að hann er kominn í bað. Þegar hann er búinn í baðinu fer hann að banka á baðhurðina og kalla en ég spyr hvað sé að. Ég er lokaður hérna inni, segir Þorvaldur. Ég opnaði þá dyrnar sem opnuðust inn en Þorvaldur var að reyna að opna þær út. Þá segir Þorvaldur: Þú verður að ná í hann Hilmar strax því að við verðum að fara að komast af stað.

Þorvaldur átti til að vera dálítið viðutan. Þó að ég væri búinn að opna dyrnar vildi hann samt fá Hilmar strax til að opna.“

Pétur Pétursson læknir

„Árið 1986 samþykktum við í meirihluta bæjarstjórnar að heimila byggingu ratsjárstöðvarinnar hér uppi á Bolafjalli.Mikil umræða varð í bænum um þá ákvörðun bæjarstjórnar að leyfa þessa framkvæmd. Í þessu máli voru uppi alveg þverpólitískar skoðanir. Tveir ágætir vinir mínir, þeir Pétur Pétursson læknir og Kristinn H. Gunnarsson fyrrverandi alþingismaður, voru í fararbroddi fyrir því að mótmæla þessu harðlega. Hætta væri á því, að kæmist þetta í framkvæmd yrðu Bolafjallið og Bolungarvík skotmark óvinveittra þjóða og auðvelt skotmark fyrir kjarnorkusprengjur.

Efnt var til mikillar blysfarar í mótmælaskyni og farið hér upp í Bólin. Hulda Eggertsdóttir mágkona mín keypti sér ný vaðstígvél til fararinnar og var fána- eða blysberi. Nokkur fjöldi fólks sótti samkomuna. Uppi í Bólum hélt Pétur læknir mikla tölu og varaði með sterkum orðum við því að ráðist yrði í þessa framkvæmd. Þess yrði ekki langt að bíða að önnur hver kerling í Bolungarvík yrði komin í ástandið og hér yrði allt fullt af kolsvörtum negrum.

Það fór hins vegar svo, að það kom aldrei neinn blökkumaður og hér varð aldrei neitt „ástand“. Hingað komu aldrei neinir Ameríkanar heldur aðeins tólf til fjórtán Íslendingar sem voru að vinna hér við ratsjárstöðina. Vera má hins vegar að einhverjar af kerlingunum í Víkinni hafi orðið fyrir vonbrigðum þegar spá Péturs læknis rættist ekki. Ég sagði seinna í gamni við Pétur að hann hefði orðið að flýja Bolungarvík vegna þess að spádómur hans um „ástandið“ gekk ekki eftir.

Þegar við vorum að láta teikna læknisbústaðinn hér í Bolungarvík vildum við sýna Pétri teikningu sem arkitektinn hafði gert. Pétur gerði eina athugasemd: Ég vil að eldhúsið verði svo lítið að ég komist ekki þar fyrir líka. Ég nenni ekki að hjálpa henni Möggu að vaska upp.

Við Bolvíkingar eigum margar góðar minningar um Pétur lækni. Hann var með skemmtilegri mönnum. Ég er nokkuð viss um að hann hugsar oft til okkar. Við berum einnig hlýjan hug til hans.“

Byrjaði ungur í tónlistinni

– Segðu okkur nokkuð frá tónlistarferli þínum.

„Sem strákur var ég í tvo vetur að læra á píanó hjá Ragnari H. Ragnar á Ísafirði. Fljótlega byrjaði ég að spila í skólahljómsveit í Gagnfræðaskólanum á Ísafirði. Þar átti ég ágæta félaga. Tveir af þeim eru nú látnir, þeir Þórður Finnbjörnsson, síðar flugstjóri hjá Loftleiðum, sem spilaði á trompett, og Hnífsdælingurinn Guðjón Baldvin Ólafsson, seinna framkvæmdastjóri hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga, sem lék á harmonikku. Kristján Jónsson skólabróðir okkar var trommari. Við fjórir skipuðum bara ágæta hljómsveit í skólanum og vorum farnir að spila svolítið á böllum.

Villi Valli vinur minn var átrúnaðargoð okkar strákanna og hann bað mig að koma og spila með sér í hljómsveit. Þar stofnaðist ævilangur vinskapur okkar. Magnús Reynir og Gunnar Hólm og ég spiluðum einna mest saman í hljómsveit Villa Valla. Við fórum hér um Vestfirði að spila og líka út um land og eigum afskaplega góðar minningar frá þeim ferðum. Þá spiluðum við að mig minnir á fyrstu Sólrisuhátíð Menntaskólans og komu þá til liðs við okkur þeir Baldur Geirmundsson og Kalli bróðir hans og við lékum saman nokkur jazzlög og lög eftir Villa og Baldur. Ekki má heldur gleyma þeim bræðrum Herði og Braga Þorsteinssonum, Samúel rakara og fleiri góðum félögum sem tóku þátt í spilamennskunni fyrr á árum.

Stundum heyrir maður frá fyrstu nemendum MÍ að áhugi þeirra á jazz hafi vaknað við að heyra okkur þessa gömlu kalla vera að spila. Hólmfríður Sigurðardóttir píanóleikari hefur sagt mér að hún hafi einmitt farið að leika sér að spila jazz og dægurlög eftir að hafa heyrt okkur spila á Sólrisu. Ég held að þetta band okkar hafi að minnsta kosti haft einhver áhrif í þá veru að fólk hér hafi farið að meta jazzmúsíkina og hlusta meira á þá tónlist.“

Spilaði með bestu hljóðfæraleikurunum

„Þegar ég byrjaði ungur að spila á Keflavíkurvelli var ég afskaplega lánsamur því að ég lenti í því að spila með alveg topphljóðfæraleikurum. Gunnar Reynir Sveinsson víbrafónleikari er þar líklega fremstur. Við urðum strax miklir vinir og var hann mikill örlagavaldur í mínu lífi. Tvo vetur var líka með okkur Gunnar Ormslev, einn besti jazzleikari landsins í þá daga. Síðan voru eldri kappar eins og Vilhjálmur Guðjónsson klarinettleikari og þeir félagarnir Jónas Dagbjartsson, Sveinn Ólafsson og Þorvaldur Steingrímsson. Þetta voru allt menn sem voru líka að kenna tónlist og ég held að þeir hafi haft mikil og góð áhrif á mig.

Eftir að ég kom aftur vestur spilum við gömlu félagarnir saman nokkrum sinnum á ári og höldum því enn, hittumst öðru hverju við Villi Valli og Magnús Reynir og tökum saman gamla standarda. Ég hugsa að við sjálfir höfum eiginlega meira gaman af þessu en áheyrendur. Núna komum við saman á góðri stundu á meðan konurnar okkar eru að hafa til matinn og tökum nokkur lög í forrétt.

Í dag finnst mér mjög gaman að setjast niður og rifja upp gömul lög og spá svolítið í hljómasamsetningu og hvernig aðrir hafa verið að spila. Ég held að þeir sem einhvern tímann hafa byrjað að spila geti varla hætt. Þetta er hluti af lífi manns. Allir sem spila á hljóðfæri njóta þess, hvort sem spila mikið eða lítið. Þurfa ekki að vera neinir snillingar.

Það sem máli skiptir er ánægjan sem tónlistin veitir. Allir sem eiga þess kost ættu því að fara í tónlistarnám.“

Ólafur og hvítabjörninn í Bolungarvík

– Eitt sinn fyrir allmörgum árum þegar þú varst bæjarstjóri tókstu á móti hópi sveitarstjórnarmanna af öllu landinu. Meðal annars varstu leiðsögumaður þeirra á Náttúrugripasafninu í Bolungarvík og sýndir þeim hvítabjörninn og sagðir að í fyllingu tímans yrðirðu væntanlega stoppaður upp og hafður við hliðina á birninum. Ertu enn við það sama heygarðshorn?

„Ég man eftir þessu. Ég held að einhver gestanna hafi nú stungið þessu að mér, gott ef það var ekki Ingibjörg Sólrún þáverandi borgarstjóri, en hún vann eitt sumar hjá mér við að mála. Ég tók undir þessa hugmynd hennar að hafa okkur ísbjörninn uppstoppaða hlið við hlið, ekki síst vegna þess að ég átti nokkurn þátt í því að koma Náttúrugripasafninu og Náttúrustofunni á fót.“

– Að lokum: Stundum var sagt að bæjarstjóranum í Bolungarvík þætti gott í staupinu. Hvað segirðu um það?

„Skemmtileg og góð spurning. Jú, jú, blessaður vertu, mér fannst það nú alltaf og þykir enn.“

– Hlynur Þór Magnússon.

Jöfnunarstyrkur til náms

Umsóknarfrestur á haustönn 2010 er til 15. október

Nemendur á framhaldsskólastigi sem ekki njóta lána hjá LÍN geta sótt um styrk til jöfnunar á námskostnaði. Styrkurinn ræðst af búsetu og er fyrir þá sem verða að stunda nám fjarri heimili sínu.

· Dvalarstyrkur (fyrir þá sem verða að dvelja fjarri lögheimili og fjölskyldu sinni vegna náms).

· Styrkur vegna skólaaksturs (fyrir þá sem sækja nám frá lögheimili og fjölskyldu fjarri skóla).

Nemendur og aðstandendur þeirra eru hvattir til að kynna sér reglur um styrkinn á vef LÍN (www.lin.is).

Umsóknarfrestur vegna skólaársins 2010-2011 er til **15. október** nk. Móttaka umsókna hefst í september nk!

Lánasjóður íslenskra námsmanna

Námsstyrkjanefnd

Byggðasafnið fær bát að gjöf

Byggðasafni Vestfjarða hefur borist góð gjöf, 11 tonna rækjubátur sem ber heitir Magnús KE 46. Báturinn hét áður Gunnar Sigurðsson ÍS og var þá í eigu Jóns Rafns Oddssonar á Ísafirði, sem stundaði á honum rækjuveiðar til ársins 1999. Magnús KE 46 var smíðaður í Bátalóni í Hafnarfirði árið 1974. Báturinn hefur farið víða frá því hann fór frá Ísafirði, m.a. til Drangsness, Ólafsvíkur og Keflavíkur, þar sem hann var síðast. Síðustu eigendur bátsins, Eling B. Ingimundarson og Þórarinn Ingi Ingason, notuðu bátinn í skemmtisiglingar um nokkurra ára skeið.

„Þetta hefur verið algjört happaskip“ sagði Björn Baldursson safnvörður, sem sagði einnig að skipið hafi aldrei lent í vandræðum. Báturinn er í mjög góðu ástandi og hefur verið sjófær seinustu ár. Að sögn Björns þarf aðeins að gera smávægilegar lagfæringar á bátnum svo hann sé sjófær. Báturinn verður ekki notaður til að veiða rækju því hans framtíðarverkefni verður að sigla með ferðamenn og halda áfram sínu starfi sem skemmtibátur.

Varðskipið Týr var fengið til að flytja bátinn frá Keflavík.

Björn Baldursson, Jón Rafn Oddsson og Jón Sigurpálsson voru viðstaddir er báturinn kom til Ísafjarðar.

Hæsta slysatíðnin á Vestfjörðum

Slysatíðnin var mest á landinu Vestfjörðum á síðasta ári eða 34%. Þar á eftir kemur Vesturland með 28% og Suðurland með 22%. Litlu lægri slysatíðni var á Norðurlandi og á Suðurnesjum. Slysatíðni á höfuðborgarsvæðinu var hins vegar næst lægst á landinu eða 14%. Þetta kemur fram í skýrslu Sjóvá sem byggir á útreikningum út frá markaðshlutdeild félagsins á tryggingamarkaði. „Helsta ástæða þessa er sú að umferðin er hraðari á vegum úti og því meiri líkur á slysi í kjölfar umferðartjóns sem og eru aðstæður til aksturs oft erfiðar og vegir varasamir. Er hugsanlega gerð og ástand vega að hafa áhrif á háa slysatíðni á Vestfjörðum?,“ er spurt í skýrslunni. Þar kemur hins vegar einnig fram að fjöldi slasaðra í umferðinni var minnstur á Vestfjörðum eða 2%. Þá var fjöldi slasaðra í umferðinni sem fyrr mestur á höfuðborgarsvæðinu eða 58% á móti 54% árið á undan.

Í skýrslunni kemur fram að tjónum í umferðinni fækkaði milli ára. Fjöldi slasaðra var hins vegar mjög hár en alls slösuðust tæplega 2.600 einstaklingar í umferðaróhöppum árið 2009. Það er þó jákvæð þróun að alvarlegum slysum í umferðinni fækkaði. Alls urðu tæplega 16.000 bótaskyld umferðartengd tjón árið 2009. Auk þeirra voru skráðar tæplega 15.000 bílrúður sem brotnuðu. Einnig má reikna með óhöppum þar sem ökumenn skemmdu bíla sína en leituðu ekki til tryggingafélagsins ýmist vegna þess að þeir voru ekki kaskótryggðir eða að tjónið var það lítið að ökumenn gerðu það upp sín á milli.

„Sjóvá telur áríðandi að vekja athygli á þeim vanda sem tengist aftanákeyrslum. Jafnframt þarf að fylgjast vel með fjölgun tjóna sem rekja má til truflunar við akstur eða skorts á einbeitingu. Í nýrri reglugerð um ökuskírteini og tilkomu Ökuskóla 3 er sérstaklega getið þess að ökunemar fái sérstaka fræðslu hvað þennan þátt varðar og er það öflugri viðbót við það ökunám sem fyrir er.“ segir í skýrslunni.

– thelma@bb.is

Samþykkt að bjóða út sorphirðu og förgun

Mikilvægum áfanga var náð í síðustu viku þegar bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti að bjóða út sorphirðu, urðun og förgun sorps í sveitarfélaginu. Á fundinum var tekin fyrir tillaga nefndar um sorpmál er laut að útboði á sorphirðu og sorpförgun, en nefndin hefur lagt á það áherslu við gerð útboðsgagna að náð verði fram aukinni flokkun, hagkvæmni, endurvinnslu og endurnýtingu. Sorpmál Ísafjarðarbæjar hafa verið talsvert í umræðunni á síðustu árum.

Ljóst er að gera þarf talsverðar endurbætur á sorpbrennslustöðinni Funa í Engidal, eigi að reka hana áfram. Þá verða flokkun, endurnýting, jarðgerð og þess háttar förgun hátt metin við mat á tilboðum. Vonast bæjaryfirvöld til að með þessari ákvörðun verði stórt skref stigið í þá átt að eyða óvissu sem ríkt hefur í sorpmálum Ísafjarðarbæjar um árabil og að flokkun og endurvinnsla verði stóraukin í framtíðinni í samráði og samstarfi við íbúa bæjarins.

– asgeir@bb.is

Heimsmet hjá Sirrý ÍS

Línubáturinn Sirrý ÍS frá Bolungarvík setti í síðustu viku heimsmet í lönduðum afla smábáta en heildarafli bátsins var tæp 1.729 tonn á fiskveiðiárinu sem lauk nú um mánaðarmótin. Fyrra heimsmetið átti annars bolvískur bátur, Guðmundur Einarsson ÍS, sem landaði 1.500 tonnum á fiskveiðiárinu 2005/2006. Afli Guðmundar Einarssonar ÍS var tæp 1.600 tonn á nýafstöðnu fiskveiðiári.

Skipstjóri á Sirrý ÍS er Sigurgeir Steinar Þórarinsson og var hann að vonum ánægður þegar hann kom að landi með 7,3 tonn. Stærstur hluti aflans var ýsa og þorskur. Sirrý ÍS fór í 297 róðra á fiskveiðiárinu sem þýðir að báturinn hefur að meðaltali komið með 5.821 kíló að landi í hverjum róðri sem er ótrúlegur árangur hjá 15 tonna smábáti.

STYRKIR
TIL ENDURGLERJUNAR HÚSNÆÐIS
Átaksverkefni 2010
Iðnaðarráðuneytið í samvinnu við Orkustofnun/Orkusetur hefur ákveðið að styrkja húseigendur sem ráðast vilja í endurbætur á einangrun húsnæðis í þeim tilgangi að draga úr orkunotkun og þar með kostnaði við upphitun þess.
Um styrk getur sótt hver sá eigandi húsnæðis sem fær húshitunarkostnað sinn niðurgreiddan úr ríkissjóði.
Upplýsingar og umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu Orkuseturs www.orkusetur.is
Umsóknarfrestur er til 1. október 2010
Iðnaðarráðuneytið
Orkusetur
ORKUSTOFNUN
Allir vinna

Magnea Garðarsdóttir segir reksturinn leggjast vel í sig.

Ný rekstraraðili kaffiteríunnar

Nýr rekstraraðili hefur tekið við kaffiteríunni á Ísafjarðarflugvelli. Það er Magnea Garðarsdóttir sem mun sjá um reksturinn samhliða rekstri Bílaleigu Akureyrar á Ísafirði. Meðal nýjunga nefnir hún að nú verði boðið upp á gott kaffi sem hægt verður að taka með sér. „Við erum komin með expressovél og eins verður boðið upp á smurt brauð frá Bakaranum. Ég ætla svona aðeins að lífga upp á þetta," segir Magnea. Aðspurð hvernig reksturinn leggist í hana segist hún vera spennt fyrir framhaldinu. „Þetta leggst rosalega vel í mig, þetta verður spennandi." Boðið var upp á kökur og fleira góðgæti til að halda upp á rekstraraðilaskiptin í dag. Að sjálfsögðu brá ljósmyndari blaðsins undir sig betri fætinum og smellti af mynd við þetta tækifæri.

Fimm hundruð grunnskólabörn í Ísafjarðarbæ

414 börn stunda nám í Grunnskólanum á Ísafirði þetta skólaárið. Fjölmennasti árgangurinn er 9. bekkur sem telur 57 manns. Fámennasti árgangurinn er 2. bekkur sem telur 23 börn. 35 börn ganga í Grunnskólann á Suðureyri. Þar er fámennasti bekkurinn 6. bekkur með aðeins einn nemanda og sá fjölmenntasti er 3. bekkur með sex nemendur.

23 þrír nemendur eru í Grunnskóla Önundarfjarðar en þar er enginn nemandi í 4., 5., og 8. bekk. Flestir eru í 5. bekk eða fimm börn. Á Þingeyri eru 42 grunnskólabörn og er enginn í 3. bekk. 1. og 7. bekkur eru fjölmennastir eða með 6 nemendur hvor. Þetta kemur fram í samantekt grunnskólafjölda um fjölda grunnskólabarna í Ísafjarðarbæ. – *thelma@bb.is*

Grænlandssetrið er til húsa í EG húsinu í Bolungarvík.

Grænlandssetrið í Bolungarvík skipulagt

Undirbúningsfélagi að stofnun Grænlandsseturs í Bolungarvík, hefur fengið í hendur frumtillögur Guðfinnu Hreiðarsdóttur, sagnfræðings, að hönnun setursins og skipulagi. „Eru tillögur hennar áhugaverðar og vel fram settar og góður grunnur til að byggja á frekari vinnu við undirbúning setursins," segir í frétt á Facebooksíðu setursins sem var formlega opnað á þjóðhátíðardegi Grænlendinga 21. júní. Þá var undirbúningsfélagið jafnframt stofnað.

Setrinu er ætlað að miðla fróðleik og safna munum tengdum Grænlandi og samskiptum Íslands og Grænlands í fortíð, nútíð og framtíð. Jafnframt að standa að kynningum og sýningarhaldi tengdum Grænlandi, stuðla að auknum samskiptum íbúa landanna og eftir föngum stunda rannsóknir tengdar grænlenskum málefnum. Jafnframt því að vera opið almenningi er í tillögunum lagt til að setrið fái til sín skólaheimsóknir þar sem nemendur fá að fræðast um Grænland.

Á dögunum kom fyrsti Grænlendingurinn í heimsókn. Það var leikkonan Makka Kleist frá Siimut leikhúsinu í Nuuk á Grænlandi, sem var með sýningu seinna um kvöldið í Edinborgarleikhúsinu, byggðum á fornum Inuitafrásögnum. Með henni í för voru eiginmaður hennar og Elfar Logi Hannesson, leikari og leikhúsmaður á Ísafirði. Þá var á dögunum stillt upp lítilli sýningu á fatnaði og öðrum munum saumuðum úr selskinni. Munirnir sem koma frá Grænlandi voru áður til sýnis í Selasetrinu á Hvammstanga. – *thelma@bb.is*

Með fótunum!

Stakkur skrifar

Vestfirðingum hefur fækkað um fjórðung síðasta aldarfjórðunginn. Það er slæm þróun, þótt sumum standi á sama. Mikil fækkun hefur einnig orðið á Norðurlandi vestra. Fólk er að flytja í burt frá Austurlandi eftir mikinn uppgang undanfarin ár. Kárahnjúkavirkjun og álverið á Reyðarfirði höfðu gríðarleg áhrif, þótt margir hafi farið full geyst. Af hverju er þetta nefnt hér? Þegar þær aðstæður skapast að grundvöllur brestur undan atvinnu og búsetu og Alþingi, ríkistjórn, sveitarstjórnir og síðast en ekki síst atvinnulífið ráða ekki við það verkefni að halda uppi atvinnustigi og lífskjörum, fer fólk annað. Það hefur stundum verið kallað að kjósa með fótunum.

Fólk fer í burtu þegar kjör þess versna of mikið til að það telji sig geta lifað sæmandi lífi. Þá leitar það betri kjara annars staðar. Af þessu höfum við Vestfirðingar reynslu sem nú á að líta til þegar á bjátar í samfélaginu. Það er hollt að minnast þess að það er mikil blóðtaka fyrir samfélög þegar fólk sér þann einan kost færan að fara. Færri verða eftir til þess að standa undir samfélaginu og þeim skyldum sem það ber gagnvert einstaklingum og öðrum. Ekki er hægt að standa undir framkvæmdum með sama hætti og með einum eða öðrum hætti kemur það niður á þeim sem eftir búa. Það var því athyglisvert að lesa viðtalið við Kristinn H. Gunnarsson í BB þar sem hann lýsir framkomu Landsbankans við Vestfirðinga. En eins og Kristinn bendir á er Landsbankinn farinn á hliðina, þökk sé siðlausum fjárglæframönnum, sem virtust rændir vitinu þegar mest gekk á. Nú er það NBI hf, sem skýlir sér á bak við nafn Landsbankans og er í eigu ríkisins.

Það verða vonandi betri viðbrögðin í garð vestfirskra viðskiptavina af hálfu þessa arftaka Landsbankans og hinna bankanna framvegis. Verði það einungis þeir sem ruddu þjóðfélaginu um koll sem fá fyrirgreiðslu í bönkum, hlýtur að koma til Fjármálaeftirlitsins. Það er með öllu ólíðandi hvernig bankarnir haga sér í málefnum Haga svo lítið dæmi sé tekið. Nú hlýtur að koma að því að viðskiptavinir Arionbanka (hverjum datt þetta nafn í hug?) fari einnig að greiða atkvæði með fótunum og yfirgefa spillingu sem greinilega er á sama róli og fyrir „hrun". Aðeins eitt útibú hans er á Vestfjörðum, á Hólmavík. Hann er því fæstum á Vestfjörðum til ama, en hvernig standa hinir sig? Sparisjóðurinn í Keflavík fór á hliðina og svipti stofnfjáreigendur margra genginna sparisjóða á Vestfjörðum eign sinni í þeim, eign sem flestir lögðu fram til þess að leggja heimbyggð sinni lið.

Allt þetta ýtir undir fólk að leita sér grænni haga annars staðar. Hagar eiga greinilega að fara aftur til stórskuldaranna fyrir tilstuðlan banka. Hvenær fara Íslendingar að kjósa með fótunum líkt og 1968 og 1969?

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

smáar

Óska eftir notuðum, vel með förnum frystiskáp, ca.180-240 lítra. Uppl. í síma 846 7490.

Til leigu er efri hæðin að Skólastíg 11 í Bolungarvik frá og með 15. september. Hægt er að fá íbúðina leigða með eða án húsgagna. Uppl. gefur Guðmundur Rósmundsson í síma 456 7189 eða 892 7189.

Til leigu er sumarhús á Spáni á Alicante svæðinu. Um er að ræða tvö svefn.herb., stofu og eldhús. Vikulega, mánaðarleiga eða eftir samkomulagi. Nánari upplýsingar eru veittar á ossur40@gmail.com.

Til leigu er nýuppgerð, 2ja herb. íbúð að Túngötu 18 á Ísafirði. Húsgögn geta fylgt ásamt ísskáp og þvottavél. Laus um áramót. Upplýsingar í síma 861 4624.

Til sölu er Mitsubishi Space Wagon GLXi, árg. 1997, ekinn 235 þús. km. Sjálfsk., dráttarkúla. Þarfnast viðgerðar. Verð kr. 50.000. Er í Önundarfirði. Uppl. í síma 865 5254.

Til sölu eru þrjár tvíburakerrur. Uppl. í síma 868 8101.

Óska eftir notuðum og vel með förnum frystiskápi. Upplýsingar í síma 846 7490.

BB-smáauglýsingar

Menntaskólinn á Ísafirði.

Starfstíminn styttist

Fjöldi kennsludaga hefur breyst sáralítið hjá Menntaskólanum á Ísafirði frá aldamótum. Á síðasta skólaári voru kennsludagarnir 149 og prófadagar 26. Hafði þá samanlagður fjöldi kennslu- og prófadaga fækkað um tvo frá fyrra ári. Hins vegar fækkaði vinnudögum kennara um viku milli skólaáranna 2008-2009 og 2009-2010 en þeir voru 179 á síðasta skólaári.

Í kjarasamningum kennara er gert ráð fyrir samtals 175 kennslu- og prófadögum á starfstíma skóla og fjórum vinnudögum kennara að auki. Vinnudagar kennara í framhaldsskólum landsins á skólaárinu 2009-2010 reyndust vera frá 171 til 197. Meðalfjöldi vinnudaga kennara var 181,1 og er það fækkun um 0,2 daga frá fyrra skólaári.

Samanlagður fjöldi kennsludaga og prófadaga nemenda í framhaldsskólum skólaárið 2009-2010 var á bilinu 161 til 184 eftir skólum, en að meðaltali 175,2. Það er fjölgun um hálfan dag frá fyrra skólaári. Þetta kemur fram í upplýsingum frá framhaldsskólunum til Hagstofu Íslands.

Dagar sem einungis var varið til prófa og námsmats voru frá 0 til 32 að tölu. Flestir skólar eru með ákveðinn prófatíma en í öðrum skólum fara próf fram á kennsludögum. Að meðaltali var 24 dögum varið til prófa og námsmats og er það fækkun um einn dag frá síðastliðnu skólaári. Nánari upplýsingar um þetta er að finna á vef Hagstofunnar.

Nýr maður í brúnni

Halldór Halldórsson, fráfarandi bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, afhenti í síðustu viku, eftirmanni sínum, Daníel Jakobssyni, lykla að skrifstofu bæjarstjóra. Gengið hafði verið frá ráðningu Daníels á bæjarstjórnarfundi skömmu áður og hefur hann nú formlega tekið við störfum. „Það er tilhlökkun og tregi, en tilfinningin að afhenda Daníel lykilinn var afskaplega góð," segir Halldór og bætir við að hér sé á ferð öflugur maður sem muni gera góða hluti sem bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar. „Ég tel mig vera að skila ágætu búi í hendurnar á Daníel." segir Halldór að lokum. Eins og fram hefur komið var Daníel valinn úr hópi 29 umsækjenda um starfið. Var hann ráðinn út kjörtímabilið 2010 til 2016.

Daníel tekur við lyklunum úr hendi Halldórs.

„Nýjum mönnum fylgja nýjar áherslur," segir Daníel aðspurður hvort vænta megi breytinga undir hans stjórn. Samgöngumál, sjávarútvegur og trygging að okkar skammti í opinberum störfum eru meðal efna sem Daníel telur brýnt að vinna í. Hann tekur það fram að verkefnin eru mörg og litlu málin ekki síður mikilvæg en þau stóru.

Daníel er fæddur árið 1973 og varði hluta sinna uppeldisára á Ísafirði, en hann er sonur hjónanna Auðar Daníelsdóttur og séra Jakobs Hjálmarssonar sem starfaði lengi sem sóknarprestur í bænum. Daníel er kvæntur Hólmfríði Völu Svavarsdóttur og eiga þau þrjú börn. Daníel var útibústjóri Landsbanka Íslands að Laugarvegi 77 í Reykjavík áður en hann varð bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

Halldór Halldórsson starfaði sem bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar í 12 ár og var oddviti sjálfstæðismanna í bæjarstjórn síðastliðin 8 ár. Þar áður var hann framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga. Síðustu ár hefur hann einnig starfað sem formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

– asgeir@bb.is

Gluggar og Garðhús hf.

Íslensk framleiðsla úr viðhaldsfríu efni í 26 ár.

Svalaskjól

Sólskálar

Gluggar og hurðir

Sjá nánar á www.solskalar.is

Starfsmaður okkar verður við mælingar á Ísafirði 16. september nk. Við bjóðum þeim sem áhuga hafa á að láta skoða aðstæður hjá sér, að hafa samband við Jóhannes í síma 554 4300 eða á johannes@solskalar.is Skoðun / tilboð er án endurgjalds.

Milla er Ísfirðingur í hjartanu

Kristjana Milla Snorradóttir hefur dvalið mörg sumur á Ísafirði. Sjálf segist hún samt ekki vera Ísfirðingur samkvæmt vísindalegum stöðlum, en sé Ísfirðingur í hjartanu. Kristjana Milla vinnur sem ferðaráðgjafi og verkefnastjóri hjá ferðaskrifstofunni Vesturferðum á Ísafirði en hún hefur sinnt því starfi síðustu tvö sumur. Bæjarins besta mælti sér mót við Kristjönu Millu, sem er oftast kölluð Milla af vinum og kunningjum. Við komumst meðal annars að því að hún á ættir að rekja til Vestfjarða, á bolvískan kærasta og hefur sterkar skoðanir á ferðamálum.

– Ertu ættuð héðan?

„Pabbi minn býr hérna, Snorri Bogason. Hann býr hérna með fjölskyldunni sinni, Agnesi Ásgeirsdóttur og bræðrum mínum. Hann er hins vegar alinn upp á Mýrum í Dýrafirði þannig að ég er ekki ættuð frá Ísafirði. Ég bjó hérna í eitt ár árið 1997 en að öðru leyti hef ég bara alltaf komið hingað á sumrin til pabba, en hann hefur búið hérna síðan ég var lítil. Ég er alin upp í Svíþjóð, þar var ég öll grunnskóla- og menntaskólaárin, en svo fluttist ég til Íslands.“

Kristjana Milla er lærður iðjuþjálfi og hefur sérhæft sig í að vinna með börnum sem glíma við geðræna- og sálfélagslega erfiðleika og fjölskyldum þeirra. Hún hefur starfað á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans og í meðferðateymi fyrir börn í heilsugæslunni. En af hverju lá leiðin vestur að vinna hjá Vesturferðum?

„Þetta er annað sumarið sem ég er hjá Vesturferðum. Mig langaði að prófa að gera eitthvað nýtt og það var orðið svo mikið álag í heilbrigðiskerfinu, minni peningar og meira álag, þannig að mig langaði einfaldlega að koma og prófa eitthvað nýtt. Ég byrjaði svo aftur hjá Vesturferðum í febrúar á þessu ári en þar áður vorum ég og kærasti minn Guðmundur Gunnarsson í Genf. Þar var hann í starfsnámi og ég var fín frú á meðan að læra frönsku, sækja hann í vinnuna og smyrja hádegismat. Hann er í Reykjavík núna að vinna við Morgunútvarpið á Rás 2 en ég er bara hér í gamla herberginu hjá pabba.“

– Var það tilviljun að þú fórst að vinna í þessu?

„Nei, ég tengist Áslaugu Alfreðsdóttur og Ólafi Erni Ólafssyni, en þau eru stærstu eigendur Vesturferða. Hún er móðursystir mín. Þannig hef ég alltaf verið með annan fótinn hérna, búin að vinna bæði á Hótel Ísafirði og á Hótel Eddu, í rækjunni í Bakka og á Sól og Fegurð þegar það var til.“

– En að máli málanna. Ertu Ísfirðingur?

„Sko, á Facebook er hægt að reikna út hvað maður er mörg prósent Ísfirðingur. Ég passa ekki þar inn þannig að ég er því ekki Ísfirðingur samkvæmt vísindalegum staðli, ef svo má segja. En í hjartanu er ég Ísfirðingur. Ég er fædd í Reykjavík og alin upp í Svíþjóð. Þannig ég er ekki Reykvíkingur, ekki Svíi, og þá er bara Ísafjörður eftir.“

Kristjana starfar sem ferðaráðgjafi og verkefnstjóri hjá Vesturferðum á Ísafirði. Hvað felst í starfinu?

„Vinnan mín snýst um að taka á móti farþegum skemmtiferðaskipanna. Þetta er aðallega að eiga samskipti við ferðaskrifstofurnar fyrir sunnan sem bóka um borð og þjónusta þær. Starf mitt er svo sem að skipuleggja og sjá um allar ferðir sem við seljum til farþega skipanna, allt frá því að bókanir fara að berast og þangað til að farþegarnir fara aftur.“

– Þetta getur verið mikil slaufa, ekki satt?

„Jú, farþegarnir á skemmtiferðaskipunum er svolítið ólíkir hinum almenna ferðamanni. Aðallega vegna þess að þau stoppa mjög stutt. Þetta er oft fólk sem á pening og fólk sem er að borga mjög mikið fyrir ferðirnar sínar. Þetta eru dýrar ferðir. Við viljum að sjálfsögðu að fólk komi aftur og þess vegna viljum við gera vel. Fólk gerir miklar kröfur enda um dýrar ferðir að ræða sem boðið er upp á um borð.“

– Hvernig finnst þér þessi sumur hafa gengið?

„Þetta er rosalega gaman, ég er sú eina á skrifstofunni sem næ mér í bryggju-brúnku og ég er mjög ánægð með það. Allir hinir þurfa að vera inni á meðan ég fæ að fara út.“

– Þannig að þú ert ánægðasti starfsmaðurinn?

„Já, ég myndi segja það. Ég er allavega brúnasti starfsmaðurinn. En þetta er rosalega skemmtilegt og maður hittir nýtt fólk á hverjum degi. Með hverju skipi kemur nýtt fólk, með nýjar þarfir, nýjar kröfur og mismunandi reynslu. Það þarf að púsla mörgum aðilum saman. Skipstjórinn er kannski með einhverja duttlunga og ég þarf að tala við Mugga hafnarstjóra því að skipstjórinn vill ekki vera þarna og gera hitt og þetta.

Þetta hefur samt gengið mjög vel. Í fyrra komu mjög margir ferðamenn til Vestfjarða. Það var mikil fjölgun á ferðamönnum hingað. Í ár voru kringum 20% færri sem keyptu ferðir hjá okkur, þ.e. í maí og í júní. Við höldum að það sé aðallega vegna eldgossins. Bókanatölur byrjuðu mjög vel í byrjun árs en svo á meðan gosið var hægðist verulega á öllum bókunum. Þá var eiginlega ekkert bókað. Heimsmeistarakeppnin í fótbolta hafði síðan líka áhrif. Svo kom júlí og ágúst og þá hefur verið aukning frá því í fyrra og það er kannski eitthvað sem við bjuggumst ekki við, að það yrði aukning. Þannig að yfir heildina verður þetta örugglega svipað og í fyrra en dreifist öðruvísi.“

– Fáið þið mikil viðbrögð frá farþegum?

„Við fáum mjög mikil viðbrögð og flest eru góð. Fólk lætur okkur vita, en nú hitti ég aðallega skemmtiferðaskipafarþegana. Það hefur verið miklu meira að gera í skipunum í sumar og farið meiri vinna í það, þannig ég hitti því miður hinn almenna ferðamann lítið.

Viðbrögðin eru góð, sérstaklega við Vigur. Fólk segir að þetta sé besta ferð sem það hafi farið í, fallegasti staður sem það hefur komið á, lundinn æðislegur, kyrrðin og döðlubrauðið hennar Hugrúnar frábært, fólk talar sérstaklega um það. Þannig fáum við jákvæð viðbrögð.

Skemmtiferðaskipin eru að koma aftur til okkar og það eru að koma ný skip, það er svolítið í þessum skipabransa að sögurnar eru ótrúlega fljótar að berast. Stundum skiljum við ekki hvernig þeim hefur tekist að bera sögurnar á milli skipa svona fljótt. Ef það gerist eitthvað hjá mér á laugardegi og næsta skip kemur á fimmtudegi, þá eru þau oft búin að frétta það, þó þetta séu mismunandi fyrirtæki. Það eru einhver blogg eða heimasíður í gangi, sem við höfum ekki fundið ennþá, þar sem starfsfólk skipanna talar sig saman. Það spyrst allt út, bæði það sem við gerum vel og það sem við gerum illa. Því þarf að vanda hverja einustu ferð sem farin er og hvert einasta skipti.“

– Hefurðu eitthvað hugsað þér að vera hérna áfram?

„Ég veit ekkert um það. Við Gummi höfum reynt að taka hálft ár í einu við að skipuleggja líf okkar. Við erum bæði með ævintýraþrá og þá eru alltaf allar dyr opnar fyrir nýjum möguleikum ef þeir skyldu koma upp. Eins og t.d. í fyrra þegar við stukkum til Genf. Það kom snöggt upp og þannig viljum við svolítið lifa. Þannig veit ég ekki hvað ég er að fara að gera.“

Milla segir það vera draum þeirra að eiga sumarhús á Ísafirði eða í Bolungarvík, en kærasti hennar, Guðmundur Gunnarsson, er Bolvíkingur í húð og hár.

„Þegar ég var yngri hefði sagt að ég ætlaði aldrei að ná mér í Víkara, en ég er mjög sátt. Og það er mikill plús og auðveldar mikið að skipuleggja sumarið, páska og fríin okkar, þá förum við bara vestur. Það er auðvelt að eiga mann að vestan og við reynum að fara alltaf vestur þegar við eigum frí og eftir að ég að byrjaði að ganga á Hornströndum, þá er það bara eitthvað sem maður verður að gera einu sinni á ári. Ég reyni að komast í sem flestar dagsferðir en þegar maður er að vinna í þessu, þá eru ekki margir frídagar yfir sumarið. Þetta er bara vertíð. Hornstrandir eru einfaldlega fallegasta svæði sem ég hef farið á og sama hversu oft maður fer, þá upplifir maður alltaf eitthvað nýtt. Náttúran þar er ótrúleg.“

Kjúklingasúpa með mexíkósku ívafi

Sælkeri vikunnar býður upp á kjúklingasúpu sem hann segir að sé í miklu uppáhaldi á hans heimili og er elduð við allskonar tækifæri. Einnig lætur hann fljóta með uppskrift að gómsætri ostaköku sem súkkulaðiunnendur geta betrumbætt eftir eigin höfði. Sveinn segir uppskriftina að kökunni vera einfalda og rosalega góða.

Kjúklingasúpa

1 pakki Mexico súpa, blönduð og hituð eftir leiðbeiningum á pakkanum, gott að setja rjóma í staðinn fyrir mjólk
1 dós kókosmjólk
4 kjúklingabringur
Doritos Snakkpoki
Sýrður rjómi og rifinn ostur

Súpa, blönduð og hituð eftir leiðbeiningum á pakkanum, gott að setja rjóma í staðinn fyrir mjólk

Kjúklingur brytjaður í bita og steiktur á pönnu og kryddað eftir smekk, bætt í súpuna.

Gott að setja Doritos snakk í skál, súpuna yfir og ofan á er settur sýrður rjómi og rifinn ostur.

Sælkerinn

Gómsæt ostakaka

1 pakki LU kanilkex
½ l rjómi
250 g flórsykur
250 g rjómaostur

Kexið mulið í botninn á eldföstu móti eða álíka, gott að setja kaffi yfir. Flórsykri og rjómaosti hrært saman, rjóminn þeyttur og blandað saman við.

Gott að setja súkkulaði í blönduna, til dæmis Maltesers kúlur og Mars, brytjað niður.

Blöndunni er svo dreift jafnt yfir kexið og látið standa yfir nótt í kæli.

Verði lesendum sem reyna þetta að góðu.

Ég skora á Jóhann Egilsson tölvutröll í Snerpu til að vera sælkeri næstu viku.



Sælkeri vikunnar er Sveinn Þorbjörnsson á Ísafirði.

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa

Guðmundar Helgasonar
múrarameistara
Seljalandsvegi 40, Ísafirði

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki legudeildar Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði.

Steinunn M. Jóhannsdóttir
Jóhann Einars Guðmundsson — Júlíana B. Ólafsdóttir
Kristjana Guðmundsdóttir
Hulda Guðmundsdóttir — Herbert Sveinbjörnsson
Bára Guðmundsdóttir — Kristinn Þór Kristinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Til sölu Urðarvegur 78

Til sölu er falleg 99m², þriggja herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi. Verð 11,5 mkr. Frekari upplýsingar á Fasteignasölu Vestfjarða, sími 456 3244, eignir@fsv.is, www.fsv.is.

FASTEIGNASALA VESTFJARÐA

Meiraprófsnámskeið

· leigubifreið · vörubifreið · hópbifreið · eftirvagn

Ísfirðingar og nágrannar ath!

Námskeið til aukinna ökuréttinda hefst á Ísafirði 14. september nk.

Ath! Verkalýðsfélög veita allt að 100 þúsund króna styrk. Vinnumiðlanir veita allt að 70 þúsund króna styrk.

Skráning í símum 892 6570 og 892 6571. Visa og Euro raðgreiðslur til allt að 36 mánaða.

Ökuskóli S.G.

Nokkur orð frá Vá Vesthópnum til foreldra

Oft hafa foreldrar haft samband við meðlimi Vá Vesthópsins með spurningar um uppeldi. Í sumum tilvikum er um að ræða spurningar foreldra þar sem börn þeirra hafa misstigið sig og er þá gjarnan leitað ráða. Í þessu sambandi langar Vá Vesthópinn til að minna foreldra á eftirfarandi

Fyrirmyndir

Eitt af þeim hlutverkum sem við, foreldrarnir, höfum er að vera börnunum okkar og annarra góðar fyrirmyndir. Athafnir hafa meira að segja en orð í þessu sambandi og við skulum ekki láta okkur detta til hugar að börnin okkar fylgi því sem við segjum ef við förum ekki eftir því sjálf.

Tökum sem dæmi föður sem ekur sjaldnast á löglegum hraða og notar ekki öryggisbelti. Ætli sonur hans, sem er að taka bílpróf, taki varnaðarorðum föður síns alvarlega í þessu sambandi, þ.e.a.s. aðaka varlega, nota öryggisbelti og svo framvegis ? Forvarnir byrja heima.

Vá Vest
vímuvarnarstefna

BDF Beiersdorf
FEGURÐ ER SJÁLFSTRAUST
NIVEA
NÝTT
FLJÓTANDI
KRISTALLAR
NIVEA
COLOR
CRYSTALGLOSS
Color Shampoo
Color crystal gloss
COLORED OR HIGHLIGHTED HAIR
Í ALLT AÐ 6 VIKUR
FERSKT ÚTLIT Í LIT.
MÖGNUÐ TILFINNING.
FALLEGT HÁR FRÁBÆR TILFINNING
www.NIVEA.com